

Forsíða:

Landnemaafmæli og ferðir á Íslendingaslóðir

Fjölmennum á opin kynningarfund í Vinabæ 21. febrúar nk.

Þjóðræknisfélagið efnir til opins kynningarfundar í Vinabæ, Skipholti 33 í Reykjavík, laugardaginn 21. febrúar kl. 14.00. Landnemaafmæli, ársþing Íslendingafélaganna í Vesturheimi og ferðir á Íslendingaslóðir af því tilefni er uppistaða fjölbreyttrar dagskrár. Þann 7. september í ár eru 160 ár frá því að fyrstu íslensku landnemarnir komu til Salt Lake dalsins í Utah eftir um 9 mánaða ferð frá Vestmannaeyjum og settust að í Spanish Fork. Tímamótanna verður minnst með veglegum hátíðarhöldum í Spanish Fork dagana 9. – 13. september. Af því tilefni stendur Þjóðræknisfélagið í samstarfi við Bændaferðir fyrir hópferð sem opin er öllum áhugasömum þar sem fólki gefst einstakt tækifæri til að upplifa íslensku þjóðræknina sem afkomendur landnemanna hafa varðveitt í öll þessi ár, ólýsanlega náttúrufergurð fjögurra þjóðgarða og fá nasasjón af hinu þekhta Villta vestri.

Ársþing þjóðræknisfélaganna í Vesturheimi verður haldið í Minneapolis í Minnesota 15.- 17. maí nk. Þar mæta um eða yfir 200 fulltrúar af íslenskum ættum frá öllum Íslendingafélögum í Norður-Ameríku. Þessi þing eru einskonar ættarmót þar sem fólk á öllum aldri koma saman, hlýða á fjölbreytt og fróðleg erindi og skemmta sér saman. Þessi þing gefa okkur kjörið tækifæri til að upplifa fjölbreytnina í íslensku þjóðrækninni í Vesturheimi. Þjóðræknisfélagið hefur því ákveðið að standa fyrir hópferð á þingið og í leiðinni að fara um landnámsslóðir Íslendinga í Minnesota.

Á öðrum stað í fréttabréfinu er nánar fjallað um þessar ferðir sem eru öllum áhugasömum opin og verða kynntar í Vinabæ 21. febrúar.

Loks er að nefna að í ár verða 140 ár liðin frá því að fyrstu Íslendingarnir sigldu frá Winnipeg eftir Rauðánni yfir til Winnipegvatns og tóku land nærri Gimli. Þar með hófst landnám á svæði við vatnið sem kallað var Nýja-Ísland. Líkt og undafarin ár skipuleggja Bændaferðir hópferð um Íslendingabyggðir í Norður-Dakota og Manitoba þar sem tekið verður þátt í Íslendingahátíðinni í Gimli.

Félagsmenn ÞFÍ eru hvattir til að mæta í Vinabæ þann 21. febrúar nk og taka með sér gesti.

Mynd 1

Bls 2:

Draumaferðin: Afmælishátíð íslenska landnámsins og náttúruundur Utah

Þjóðræknisfélagið stendur fyrir ævintýraferð til Utah, daganna 7. – 18. september í samvinnu við Bændaferðir. Tilefnið er hátíðarhöld í Spanish Fork til að minnst þess að 160 ár eru liðin frá því að fyrstu íslensku landnemarnir settust þar að. Fram til aldamótanna 1900 fluttu um 400 íslenskir mormónar þangað, flestir frá Vestmannaeyjum.

Liður í hátíðarhöldunum er ráðstefna þar sem m.a. íslenskir fræðimenn fjalla um aðdraganda þess að Íslendingar gerðust Mormónar og fluttu til Utah. Einnig verður fjallað um rannsókn Fred E. Woods, prófessors og Kára Bjarnasonar safnstjóra í Vestmannaeyjum um afdrif og afkomendur þeirra 400 Íslendinga sem fóru til Utah til loka 19. aldar.

Hátindur ferðarinnar verður afmælishátíð Íslendingafélagsins í Spanish Fork þar sem ungir sem aldnir koma saman, sumir langt að, til að minnst Íslands og uppruna síns. Þeim degi lýkur með hátíðarkvöldverði. Forseti Íslands, Ólafur Ragnar Grímsson, verður heiðursgestur hátíðarhaldanna.

Dagskrá ferðarinnar er afar fjölbreytt. Eftir hátíðarhöldin og að hafa hlýtt á Mormónakórinn í Musterinu mikla í Salt Lake City er komið að þjóðgörðunum í Utah. Ekið verður að gljúfrinu í Bryce þar sem sjá má hundruð metra háar strýtur, náttúruundur engu líkt. Næsti garður er Zion sem liggur í allmiklu gljúfri og þar á eftir er Arches sem einkennist af furðulegum steinbogum og steinbrúm, dröngum og klettum – algjört listaverk náttúrunnar.

Fyrir 10 árum stóð Þjóðræknisfélagið fyrir svipaðri ferð í tilefni af 150 ára landnámsafmælisins. Þeir sem fóru þá ferð nefna hana sem eina mestu ferðaupplifun sína.

Ferðin er öllum áhugasömum opin. Auglýst verð er 346.600 kr. á mann í tvíbýli en skuldlausir félagar í ÞFÍ fá 10.000 kr. afslátt. Nánari upplýsingar um ferðina má fá á eftirfarandi vefslóð: <http://www.baendaferdir.is/serhopaferdir/villta-vestrid-thjodraeknisfelagid> Einnig á heimasíðu Þjóðræknisfélagsins: www.inl.is.



Bls 3:

Opin ferð ÞFÍ: Landnámið í Minnesota og Þjóðræknisþingið í Minneapolis

Þjóðræknisfélagið í samvinnu við Bændaferðir bjóða upp á afar áhugaverða ferð 12. – 18. maí nk. Annars vegar er tveggja daga skoðunarferð til Íslendingabyggðanna í Minneota og Duluth. Báðir þessir staðir koma mikið við sögu á fyrsta áratug vesturferða. Hins vegar er svo árlegt þjóðræknisþing INL of America haldið í Minneapolis þar sem gestum af Íslandi gefst kærkomið tækifæri til að kynnst með hvaða hætti afkomendur vesturfaranna rækta tengsl við Ísland og íslenska þjóð. Ætla má að hátt á þriðja hundað þátttakendur sækji þingið fulltrúar frá öllum félagsdeildum víðs vegar í Norður-Ameríku, fólk á öllum aldri. Þátttakendur í ferðinni hafa einnig tækifæri á að versla og skoða sig um í Minneapolis.

Ferðin er öllum áhugasömum opin. Auglýst verð er 194.900 kr. á mann í tvíbýli en skuldlausir félagar í ÞFÍ fá 10.000 kr. afslátt, Nánari upplýsingar um ferðina má fá á eftirfarandi vefslóð:

<http://www.baendaferdir.is/serhopaferdir/landnam-i-minnesota-thjodraeknisthing> Einnig á heimasíðu Þjóðræknisfélagsins: www.inl.is



Aðstandendur Vesturfaranna og Andra á flandri heiðraðir.

Þjóðræknisfélagið stóð fyrir opnu húsi í Bíó Paradís að kvöldi 26. október sl., þar sem horft var sameiginlega á síðasta þáttinn um Vesturfarana sem sýndir voru í Ríkissjónvarpinu. Að lokinni sýningu var aðstandendum þáttanna, þeim Agli Helgasyni, Ragnheiði Thorsteinsson og Jóni Víði Haukssyni veitt viðurkenning Þjóðræknisfélagsins fyrir framúrskarandi vel gerða þætti sem hafa kynnt Íslendingum að þessa hlið á íslenskri menningu. Ennfremur veitti Þjóðræknisfélagið þeim Andra Frey Viðarssyni, Kristófer Dignus og Huga Halldórssyni viðurkenningu fyrir þeirra framlag við gerð þáttanna Andri á flandri sem sýndir voru í Ríkissjónvarpinu haustið 2012.

Þættirnir um Vesturfarana hafa vakið verðskuldaða athygli langt út fyrir þann hóp fólks sem hefur verið í sambandi við ættingja og vini af íslenskum ættum í Norður-Ameríku. Þættirnir gefa afar góða innsýn inn í þann mikla menningararf sem íslensku landnemarnir fluttu með sér til Ameríku og varðveittu af mikilli einlægni. Þættirnir lýsa einnig þeim mikla áhuga á Íslandi sem enn er til staðar hjá núlifandi afkomendum þessa fólks og hve mikla rækt þau leggja við að tileinka sér íslenska menningu og nán tengsl við skyldmenn á Íslandi. Ríkisútvarpinu eru færðar þakkir fyrir að gefa landsmönnum kost á að fræðast um frændfólk okkar í Vesturheimi og njóta kynna við það.

Mynd: Egill og co. Myndatexti: Talið frá vinstri: Hugi Halldórsson, Jón Víðir Hauksson, Ragnheiður Thorsteinsson, Egill Helgason og Halldór Árnason, formaður ÞFÍ

Gail Einarsson-McCleery og Eric Stefanson heiðursfélagar ÞFÍ

Stjórn Þjóðræknisfélagsins hefur ákveðið að gera þau Gail Einarson-McCleery og Eric Stefanson að heiðursfélögum ÞFÍ. Gail hefur unnið óeigingjarnt starf við að efla tengslin á milli Þjóðræknisfélags Íslendinga í Vesturheimi og ÞFÍ. Hún átti frumkvæði að stofnun International Visit Program og hafði forystu um að endurvekja Snorra West verkefnið árið 2012. Gail er ræðismaður Íslands í Torontó.

Eric Stefanson, sem er búsettur í Winnipeg og fyrrum fjármálaráðherra Manitoba fylkis, hefur í áratugi unnið óeigingert starf við að koma á auknum tengslum milli Vestur-Íslendinga og Íslendinga á sviði menningar og viðskipta. Hann sat í stjórn Þjóðræknisfélagsins um árabíl þar til vorið 2014. Hann var einn þeirra sem átti frumkvæði að stofnun Snorra verkefnanna veitt þeim verkefnum ómetanlegan stuðning alla tíð.

Þjóðræknisfélagið bauð til samsætis sunnudaginn 5. október sl. þar sem Gail var afhent formlega skjal til staðfestingar á heiðursnafnbótinni. Meðfylgjandi mynd tók Kent Lárus Björnsson við það tækifæri. (Mynd: Gail)

Bls 4:

Mættu á aðalfund ÞFÍ 29. apríl

Aðalfundur Þjóðræknisfélagsins 2015 verður haldinn miðvikudaginn 29. apríl nk. Á dagskrá eru venjuleg aðalfundarstörf, sbr. 3. gr. laga félagsins, s.s. skýrsla félagsstjórnar fluut, reikningar félagsins lagðir fram, stjórnarkjör og önnur mál. Að loknum aðalfundarstörfum verður erindi tengt starfsemi félagsins. Dagskrá aðalfundarins er hefðbundin en í lok hans verður boðið upp á fróðlegt erindi. Upplýsingar um staðsetningu og nánari dagskrá má finna á heimasíðu ÞFÍ www.inl.is þegar nær dregur.

Bls. 4:

Þjóðræknisþing á Hótel Natura 23. ágúst 2015

Þjóðræknisþing ÞFÍ verður haldið á Hotel Natura í Reykjavík sunnudaginn 23. ágúst nk. og hefst kl. 14 líkt og undanfarin tvö ár. Að vanda verður dagskráin fjölbreytt og áhugaverð. Þjóðræknisþingið hefur verið vel sótt og í fyrra mættu yfir 200 manns. Félagsmenn eru hvattir til að taka frá þennan tíma.

Bls 4:

Munið að greiða árgjaldið

Greiðsluseðill vegna árgjalds Þjóðræknisfélagsins fyrir árið 2015 að upphæð 3.000 kr. hefur verið sendur félagsmönnum í heimabanka þeirra. Árgjaldinu, sem er óbreytt frá fyrra ári, er félaginu ákaflega þýðingarmikið þar sem tekjur af því standa undir stórum hluta af starfsemi félagsins. Við biðjum félagsmenn góðfúslega að greiða greiðsluseðilinn strax svo það gleymist ekki.

Snorri-West – langar þig til Norður-Ameríku í sumar?

Snorri West er 4 vikna sumarferðalag um Íslendingabyggðir í Norður-Ameríku fyrir ungt fólk 18-28 ára. Verkefnið stendur yfir í 4 vikur, frá 13. júní til 9. júlí. Árlega eru 4 einstaklingar af báðum kynjum valdir til þátttöku. Verkefnið nýtur stuðnings styrktaraðila vestra og er þátttökugjaldið aðeins 2.200 CAD. Innifalið er flug, ferðir innanlands, skoðunarferðir, fullt fæði, húsnæði og margt fleira. Þátttakendur heimsækja byggðir Vestur-Íslendinga í Vancouver, Victoria, Seattle, Nanaimo, Pt. Roberts og Blaine ásamt því að taka þátt í grillveislum, fara í fjallgöngur, á tónleika, fagna þjóðhátíðardögum og njóta lífsins. Íslendingafélög á hverjum stað sjá um skipulagningu ferðarinnar.

Upplýsingafundur verður haldinn í Útþrá í Hinu húsinu fimmtudaginn 19. febrúar milli kl. 16 og 18. Nánari upplýsingar og umsóknareyðublöð má finna á www.snorri.is og á skrifstofu Snorrasjóðs, Óðinsgötu 7. Umsóknarfrestur er til 20. febrúar 2015

Mynd: Snorri West